

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. mars 2012  
Tilvísun: UST20120100045/abg

### **Fyrirhuguð 7.000 tonna framleiðsla á eldisfiski í Ísafjarðardjúpi frekari umsögn.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar í tölvupósti dags. 7. mars 2012 þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar í ljósi svara framkvæmdaraðila og nýrrar framsetningar á straumgögnum. Umhverfisstofnun hafði áður veitt umsögn um málið dags. 31. janúar og 28. febrúar 2012.

Framkvæmdaraðili leggur fram nýja framsetningu á straumgögnum og þar kemur fram að meðatalstraumur á fjórum svæðum (Mjóafirði, Bæjarhlíð, Hamar og Skötufirði) er um eða yfir 5 cm á sek á 15 metra dýpi. Umhverfisstofnun telur að með þessari framsetningu sé sýnt að straumurinn sé í samræmi við það sem mælt er með í TemaNord skýrslunni BAT í fiskeldi sjó (TemaNord 2005:528).

Varðandi skilgreiningar á þröskuldsfjörðum getur Umhverfisstofnun tekið undir að hún sé ekki skýr. Í umfjöllun sinni hefur stofnunin haft eftirfarandi atriði úr áðurnefndri BAT skýrslu í huga (TemaNord 2005:528 bls 68-69):

„Terskelfjorder og terskelbasseng har redusert utskifting av bunnvann i forhold til mer åpne systemer, og har dermed større evne til å akkumulere organisk materiale. Slike områder er i utgangspunktet ikke optimal for oppdrett. Hvorvidt områder innenfor slike terskelfjorder og bassenger likevel er egnet til oppdrett avhenger av dybden på terskelen, strømforholdene, størrelsen på bassenget eller fjorden innenfor terskelen og hvor mye organisk belastning oppdrettsanlegget bidrar med utover den opprinnelige belastningen (f.eks. fra naturlig avrenning og kloakkutslipp).“

Í skýrslum Akvaplan-niva (APN-413.02.2422.1 og APN-413.02.2422) kemur fram að bæði í Álftafirði og Seyðisfirði séu þröskuldar og telur Umhverfisstofnun augljóst af þeirri umræðu að þeir falli því undir skilgreininguna hér að framan þó deila megi um hvort þá eigi að kalla „terskelfjorder“ eða „terskelbasseng“. Því telur stofnunin að taka eigi þetta atriði inn í reikninginn við mat á burðarþoli svæða, nema sýnt sé fram á að þau falli ekki undir þessa skilgreiningu.

Umhverfisstofnun gerir ekki ágreining um hvert vandamálið er varðandi það að hrogn berist


úr þorskeldi og að eldisþorskur hrygni með villtum þorski. Óvissan snýr að því hvaða áhrif slíkt getur haft á villta stofninn. Má í því sambandi m.a. benda á að í gögnunum er ekki að finna neina lýsingu á því hvaða eiginleika er verið að rækta fram eða hvort þeir eiginleikar leiði til skertrar getu afkvæma til að lifa í villtu umhverfi. Stofnunin telur þetta vera mikilvægt atriði þar sem veruleg aukning á þorskeldi er áætlað. Umhverfisstofnun er vel meðvituð um að upplýsingar varðandi hugsanlega kynblöndun milli eldisfisk og villts stofns eru af skornum skammti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur hvergi fram að í skýrslu Náttúrfræðistofu Vestfjarða (NAVE nr. 3-11) segi að það sé ástæða til að endurskoða burðarþol. Það er hins vegar álit stofnunarinnar út frá þeim niðurstöðum sem þar eru kynntar að full ástæða sé að gera það og það hafa ekki komið fram nýjar upplýsingar sem breyta því.

Umhverfisstofnun telur fulla ástæðu til að setja fram líkan af því hvernig næringarefni og úrgangur mun safnast upp og/eða dreifast á meðan á eldistíma stendur og á þeim grundvelli verði metið hversu lengi er æskilegt að hvíla svæðin þar til eldi hefst þar á ný.

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um DEPOMOD gagnalíkanið sem líkir eftir dreifingu, niðurfalli og seti fóðurleifa og fiskúrgangs frá fiskeldiskvíum og byggir líkanið á útreikningum á því hvernig agnir dreifast frá hverri kví á ákveðnu tímabili. Með því að nota strauummælingar getur líkanið sagt fyrir um hversu mikið af lífrænu efni safnast saman undir og við kvíarnar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að upplýsingar af því tagi liggi fyrir við gerð starfsleyfis þannig að hægt sé að meta hversu lengi þarf að hvíla svæðin og undirbúa vöktunaráætlanir. Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af þessu að hægt verði að sjá fyrir um dreifingu og uppsöfnun lífrænna efna og þannig verði hægt að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á svæðunum sem um ræðir. Umhverfisstofnun telur því með vísan í fyrrgreind atriði að ekki séu líkur á því að framkvæmdin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson